

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/228

2017/EES/48/34

frá 9. febrúar 2017

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar heiti og verksvið sérfræðinganefnda á vegum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla <sup>(1)</sup>, einkum annarri undirgrein 4. mgr. 28. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er komið á fótt tíu sérfræðinganefndum sem bera ábyrgð á því að leggja fram vísindalegar álitgerðir Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin), hver innan síns verksviðs. Meðan þessara nefnda eru meðal annars: sérfræðinganefnd um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli, sérfræðinganefnd um sérfaði, næringu og ofnæmi, og sérfræðinganefnd um efni sem komast í snertingu við matvæli, ensím, bragðefni og hjálparefni við vinnslu.
- 2) Matvælaöryggisstofnunin lagði beiðni fyrir framkvæmdastjórnina 3. febrúar 2016 um að breyta heitum sérfræðinganefndarinnar um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli, sérfræðinganefndarinnar um sérfaði, næringu og ofnæmi og sérfræðinganefndarinnar um efni sem komast í snertingu við matvæli, ensím, bragðefni og hjálparefni við vinnslu, til að taka tillit til væntanlegra breytinga í tækni- og vísindapróun.
- 3) Breytingarnar á sviði tækni og vísinda hafa aðallega áhrif á vinnuálag nefndanna. Einkum er líklegt að vinnuálag sérfræðinganefndarinnar um efni sem komast í snertingu við matvæli, ensím, bragðefni og hjálparefni við vinnslu aukist á komandi árum vegna þess að meta þarf fyrirbyggjandi umsóknir um færslu á skrá Sambandsins yfir matvælaensím í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 <sup>(2)</sup>. Af þessum sökum ætti að úthluta sérfræðinganefndinni um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli mati á bragðefnum, sem sérfræðinganefndin um efni sem komast í snertingu við matvæli, ensím, bragðefni og hjálparefni við vinnslu sinnir sem stendur.
- 4) Til að koma í veg fyrir yfirálag á núverandi sérfræðinganefnd um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli ætti þó að úthluta sérfræðinganefndinni um sérfaði, næringu og ofnæmi mati á næringarefnum og öðrum efnum, sem bætt er við matvæli og sem hafa lífeðlisfræðileg áhrif, þar eð líklegt er að vinnuálag á þá nefnd minnki vegna þess að lokið hefur verið við að fastsetja viðmiðunargildi í fæðu og umsóknum um færslu á lista yfir leyfilegar heilsufullyrðingar fækkar, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 <sup>(3)</sup>. Slík endurúthlutun er einnig í samræmi við sérfræðinganefndarinnar um sérfaðu, næringu og ofnæmi þar eð sum efni, sem eru notuð sem næringarefni, falla undir flokkinn nýfaði sem sérfræðinganefndin um sérfaðu, næringu og ofnæmi leggur sem stendur mat á.
- 5) Heitum nefndanna þriggja, sem um er að ræða, er því breytt með þessari reglugerð sem hér segir: heiti sérfræðinganefndarinnar um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli er breytt í „sérfræðinganefnd um matvælaaukefni og bragðefni“, heiti sérfræðinganefndarinnar um sérfaðu, næringu og ofnæmi er breytt í „sérfræðinganefnd um næringu, nýfaði og fæðuofnæmisvalda“ og heiti sérfræðinganefndarinnar um efni sem komast í snertingu við matvæli, ensím, bragðefni og hjálparefni við vinnslu er breytt í „sérfræðinganefnd um efnivið sem kemst í snertingu við matvæli, ensím og hjálparefni við vinnslu“.
- 6) Núverandi skipunartíma meðlima sérfræðinganefndarinnar um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli og sérfræðinganefndarinnar um efni sem komast í snertingu við matvæli, ensím, bragðefni og hjálparefni við

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 35, 10.2.2017, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2017 frá 7. júlí 2017 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjútíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1332/2008 frá 16. desember 2008 um ensím í matvælum og um breytingu á tilskipun ráðsins 83/417/EBE, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999, tilskipun 2000/13/EB, tilskipun ráðsins 2001/112/EB og reglugerð (EB) nr. 258/97 (Stjútíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 7).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli (Stjútíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9).

vinnslu lýkur 30. júní 2017 og núverandi skipunartíma meðlima þeirra átta sérfræðinefnda Matvælaöryggisstofnunarinnar sem eftir eru, þ.m.t. sérfræðinganefndarinnar um sérfaðu, næringu og ofnæmi, lýkur 30. júní 2018. Til að gefa Matvælaöryggisstofnuninni nægan tíma til að skipuleggja nefndirnar á skilvirkan hátt skv. 5. og 9. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 gildir þessi reglugerð frá 1. júlí 2018.

- 7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 178/2002 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Fyrstu undirgrein 4. mgr. 28. gr. reglugerðar (EBE) nr. 178/2002 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) sérfræðinganefnd um matvælaaukefni og bragðefni,“.

- 2) Í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) sérfræðinganefnd um næringu, nýfæði og fæðuofnæmisvalda,“.

- 3) Í stað j-liðar komi eftirfarandi:

„j) sérfræðinganefnd um efnivið sem kemst í snertingu við matvæli, ensím og hjálparefni við vinnslu.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og gildir frá 1. júlí 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---